



Reykjavík 10. maí 2019

Sent sveitarstjórnum, fræðslu- og skólastjórnendum

1609007SA SI

Málalykill: 04.20

Efni: Upplýsingar til sveitarfélaga vegna starfsnámsárs kennaranema og námsstyrki

Reykjavík, 10. maí 2019

Hrundið hefur verið af stað aðgerðum mennta- og menningarmálaráðherra í því skyni að fjölgum kennurum á leik- og grunnskólastigi. Aðgerðirnar eru fimm og hafa þrjár þær fyrstu áhrif strax:

1. Launað starfsnám á lokaári M.Ed. náms
2. Námsstyrkur til kennaranema á lokaári M.Ed. náms
3. Styrkur til starfandi kennara sem hyggja á nám í starfstengdri leiðsögn

Unnið hefur verið að útfærslu starfsnámsárs kennaranema í samstarfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Menntavísindasviðs HÍ og kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Því samkomulagi er m.a. ætlað að stuðla að starfsöryggi kennaranema á vettvangi, tryggja þeim faglega leiðsögn reyndra kennara og svigrúm til þess að þeir geti lokið námi sínu á tilsettum tíma.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um fyrirkomulag starfsnámsársins sem varpa ljósi á ábyrgð og skyldur þeirra sem koma að útfærslu og framkvæmd starfsnáms kennaranema.

Helstu atriði sem hafa þarf í huga við ráðningu starfsnámsnema

1. Kennaranemi er ráðinn í starfsnámsstöðu á grundvelli gildandi laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu og reglugerð nr. 440/2010, sem fjallar um störf og starfshætti undanþáguneftnar. Lögin kveða á um skyldu til auglýsingar lausra starfa (einu sinni eða tvívar eftir atvikum) og sækja þarf um undaþágu fyrir þá til kennslu.

Ljóst er að afléttu hefði þurft auglýsingaskyldu og undaþáguferli vegna kennaranema í starfsnámi þar sem lokaárið á vettvangi er nú skilgreindur hluti náms til M.Ed. gráðu með tilvísun til aðgerða stjórnvalda í menntmálum. Um ráðningu kennaranema á lokanámsári þurfa því að gilda sérákvæði í lögum svo ekki verði um íþyngjandi aðgerð að ræða fyrir nemana, stjórnendur skóla og/eða vinnuveitendur. Því miður vannst ekki tími til þess að koma bráðabirgðaákvæði þess efnis í gildandi lög. Nýverið mælti hins vegar menntamálaráðherra fyrir frumvarpi til laga um menntun,

hæfni og ráðningu sem ætlað er að taka við af gildandi lögum um menntun og ráðningu. Það er því mikilvægt að í frumvarpið komi bráðabirgðaákvæði um slíkar undapágu-heimildir vegna ráðningar kennaranema á lokanámsári án auglysingar og milliliðalaust og nái a.m.k. yfir það tímabil sem aðgerðum stjórnavalda í menntamálum er ætlað að taka til. Sambandið mun tala fyrir því þegar umsögn þess um frumvarpið verður fylgt eftir í Allsherjar- og menntamálanefnd á næstu dögum.

2. Kennaranemi er *ráðinn* í $\frac{1}{2}$ stöðu að lágmarki við leik- og/eða grunnskóla sem metin er til 30 ECTS eininga. Hann stundar bóklegt nám samhliða sem leiðir til fullgildra kennsluréttinda. Mikilvægt er að kennaranemar fái svigrúm til þess að sinna námi sínu samhliða starfi.
3. Kennaranemi á rétt á leiðsögn reyns kennara í að lágmarki 6 klukkustundir á mánuði. Ein aðgerða menntamálaráðherra felur í sér að styrkja starfandi kennara til náms í starfstengdri leiðsögn við HÍ eða HA.
4. Kennaranemi nýtur fullra réttinda og sinnir skyldum skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og skrifar undir ráðningarsamning því til staðfestu.
5. Sveitarfélag getur tekið um það ákvörðun að ráða kennaranema í 50% starfshlutfall sem *viðbótarstarfskraft* fyrir skóla og stendur straum af þeim kostnaði.¹

Samningsaðilar eru að vinna á vettvangi SNS og KÍ að útfærslu launaröðunar og starfsheitis *leiðsagnarkennari*.

Að öðru leyti er vísað í gögn meðfylgjandi þessu bréfi. Á það skal bent að mennta- og menningarmálaráherra hefur skipað sérstaka ráðgjafarnefnd til fimm ára (sbr. kafla 7) vegna innleiðingar og eftirfylgni með aðgerðum til að auka nýliðun kennara. Nefndin veitir ráðgjöf komi upp einhver álitamál og kemur að lausn mála með viðkomandi aðilum.

Hægt er að senda tölvupóst til formanns nefndarinnar á meðfylgjandi netfang: postur@mrn.is

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Svandís Ingimundardóttir
skólamálafulltrúi

¹ Svf. eða skólar gætu t.a.m. ráðið starfsnámsnema sem aðstoðarkennara með umsjónarkennara í bekki og fækkað stuðningsfulltrúum á móti.

